

**Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, 14. desember 2011, kl 9:30**  
**Haldinn með aðstoð síma frá Bíldudal og Hólmavík.**

Mætt voru Albertína Fr. Elíasdóttir, formaður, Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson, í síma voru Friðbjörg Matthíasdóttir (Bíldudal) og Jón Jónsson (Hólmavík). Auk þeirra sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Til fundarins var boðað með dagskrá sem send var út með tölvupósti 8. desember s.l.

Dagskrá.

1. Fundargerð stjórnarfundar 3. nóvember 2011

Fundargerð borin upp og samþykkt.

Spurst fyrir um niðurstöðu í skipan fulltrúa í ráðgjafahóp fyrir landsskipulagsstefnu. Formaður óskaði staðfestingar að Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri verði fulltrúi sambandsins. Tillagan samþykkt.

2. Þinggerð auka Fjórðungspings Vestfirðinga

Fram kom athugasemd um framsetningu á niðurstöðu kjörbréfanefndar um mætingu fulltrúa. Afgreiðslu frestað þar til niðurstaða liggur fyrir.

3. Stoðkerfi atvinnu- og byggðar á Vestfjörðum.

a. Bréf til stoðstofnana

Sent hefur bréf til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Vaxtarsamnings Vestfjarða og Markaðsstofu Vestfjarða, þar sem kynnt er niðurstaða auka Fjórðungspings Vestfirðinga 25. nóvember s.l.. Í bréfi til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða er óskað við stjórn félagsins að boðað verði til hluthafafundar í félaginu en að stjórn Vaxtarsamnings og Markaðsstofu takið málið til umfjöllunar.

Samþykkt að senda bréf til Menningarráðs Vestfjarða þar sem tilkynnt er um hið sama og óskað eftir því að Menningarráð geri tillögu að breytingu á samþykktum ráðsins sem verða lagðar fram á næsta aðalfundi Menningarráðs.

Rætt um innleiðingu breytinga á stoðkerfi atvinnu og byggða, samkvæmt tillögu auka Fjórðungspings Vestfirðinga. Framkvæmdastjóra í samráði við formann falið að kanna með fjármögnum um innleiðingarferils.

b. Stjórnarfundur atvest 14. desember 2011

Senda þarf bréf um að hluthafafundur skipi í fagråd aðalman og varamann og vaxtarsamninga og markaðsstofu og menningarráð.

4. Umsagnir til Alþingis.

Samþykkt tillaga framkvæmdastjóra að umsögn varðandi frumvarp um svæðisbundna flutningsjöfnun, þingmál nr 371, 140. löggjafarþing.

5. Önnur mál.

Rætt um gerð ályktunar um samgönguáætlun 2011-2012 og framkvæmdaáætlun 2011-2014, en samkvæmt tilkynningu innanríkisráðuneytis verða þessar áætlanir kynntar í dag 14. desember. Samþykkt að fela samgöngunefnd FV gerð ályktunar og leggja fyrir stjórnarfund.

Stjórnarfundur. Samþykkt að boða til næsta fundar stjórnar mánudag 19. desember n.k..

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.00